

238. fundur stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands bs haldinn að Austurvegi 56, Selfossi, mánudaginn 2. febrúar 2015, kl. 10.

Mætt:

Jón G. Valgeirsson, formaður, Aldís Hafsteinsdóttir, Ari B. Thorarensen, Ísólfur Gylfi Pálmason og Ásta Stefánsdóttir, sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

1. Orkugerðin: Fundargerð stjórnarfundar (42. fundur) þann 6. janúar s.l.

Fundargerðin var lögð fram.

2. Orkugerðin: Staða og horfur.

Steinþór Skúlason, Guðmundur Tryggvi Ólafsson og Þorgils Torfi Jónsson komu á fundinn. Gerðu þeir grein fyrir stöðu Orkugerðarinnar ehf. Í undirbúningi er að sækja um greiðslustöðvun fyrir félagið. Stjórn SOS samþykkir að leita eftir viðræðum við sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og umhverfisráðherra til að ræða stöðu mála varðandi meðhöndlun sláturúrgangs.

3. Kirkjuferjuháleiga: Eftirlitsskýrsla Umhverfisstofnunar (drög) til umsagnar.

4. Kirkjuferjuháleiga: Fyrirmæli Umhverfisstofnunar um frágang og vöktun urðunarstaðarins í Kirkjuferjuháleigu.

Bárður Árnason frá EFLU mætti á fundinn undir lið 3 og 4.

Drög að eftirlitsskýrslu UST og fyrirmæli UST um frágang og vöktun voru lögð fram. Taka þarf saman og senda UST athugasemdir stjórnar fyrir 30. mars. Stjórnin óskar eftir kostnaðaráætlun frá EFLU varðandi þá verkþætti sem vinna þarf til að uppfylla lokunaráætlun. Einnig óskar stjórnin eftir tilboði frá EFLU í umsjón með þeim verkþáttum sem vinna þarf vegna lokunaráætlunar og í vinnu skv. vöktunarplani.

5. Kirkjuferjuháleiga: Tryggingarmál.

Stjórn felur formanni að ganga frá starfsleyfistryggingu fyrir Kirkjuferjuháleigu.

6. Framhald viðræðna við Sorpu.

Beðið er svara frá Sveitarfélaginu Ölfusi í framhaldi af fundi í s.l. viku.

7. Önnur mál

Ákveðið að halda næsta fund stjórnar SOS mánudaginn 2. mars kl. 15.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:50.